

Búgí-Vúgí elskhuginn

Lag og texti: Bubbi Morthens

Litla systir vælir, litli bróðir ælir

inni í eldhúsi stend ég og elda matinn minn.

Mig dreymir um að vera Búgí-Vúgí elskhuginn þinn.

Pabbi aldrei heima, heimtar samt að teyma

heimilið á bömmur og mig vantar nýja skó.

Mamma hefur sagt mér af seðlum á hann meira en nóg.

Við getum kelað í bílnum keypt í nebbann inn

og svo í flýti neðri helminginn.

Ég er Búgí-Vúgí elskhuginn þinn.

Það eina sem ég geri er Búgí-Vúgí daginn út og inn.

Pabbastrákar syngja, skólaklukkan hringja

saman þeir labba breiða veginn sinn.

Það eina sem mig fýsir í er Búgí-Vúgí daginn út og inn.

Við getum kelað í bílnum keypt í nebbann inn

koksað í flýti með neðri helminginn.

Ég er Búgí-Vúgí elskhuginn þinn.

Það eina sem mig fýsir í er Búgí-Vúgí daginn út og inn.

Ég sagði Búg-búg-búk, Ég sagði Búg-búg-búk.

Ég sagði Búgí-Vúgí ég er Búgí-Vúgí elskhuginn þinn.

Það eina sem mig fýsir í er Búgí-Vúgí daginn út og inn.

Lagið má finna á eftirtöldum útgáfum

-
Bubbi & MX-21 - Skapar fegurðin hamingjuna (1987)

- Bubbi - Frelsi til sölu (aðeins á 2006 útgáfunni)

